

**Ávarp rektors við athöfn í tilefni af 20 ára afmæli meistaranáms í
viðskiptafræði við Háskóla Íslands og úthlutun styrkja úr
Ingjaldssjóði**

Haldið á Litla-Torgi föstudaginn 17. nóvember 2017 kl. 16.00

Forseti Viðskiptafræðideildar, formaður stjórnar Ingjaldssjóðs, kæru styrkþegar, góðir gestir.

Það er mér heiður og ánægja að ávarpa þessa samkomu en tilefni hennar er tvíþætt, í fyrsta lagi að fagna því að um þessar mundir eru liðin 20 ár frá því að meistaranám í viðskiptafræði hófst við Háskóla Íslands og í öðru lagi verður hér á eftir úthlutað styrkjum úr Ingjaldssjóði.

Viðskiptafræði er meðal elstu kennslugreina Háskóla Íslands, en fyrir réttu ári var hér á sama stað haldin athöfn til að fagna því að þá voru liðin 75 ár frá því að kennsla í viðskiptafræði hófst við skólann, en það gerðist samhliða því að Viðskiptaháskólinn, sem þá hafði starfað í skamman tíma, sameinaðist Háskóla Íslands og varð hluti af laga- og hagfræðideild. Í ræðu sinni á háskólahátíð á fyrsta vetrardag, 25. október 1941, vék þáverandi rektor Háskóla Íslands, Alexander Jóhannesson, sérstaklega að þessum atburðum með þessum orðum (tilvitnun hefst):

„Háskólinn hefur nú starfað í eitt ár í hinni nýju byggingu [þ.e. Aðalbyggingu sem var vígð 17. júní 1940], og hafa á þessu eina ári

orðið stórfelldar breytingar á högum Háskólans. Starfssvið Háskólans hefur aukist að verulegum mun með innlimun Viðskiptaháskólans og stofnun verkfræðideildar. Sameining Viðskiptaháskólans og lagadeildar var eindregin ósk allra stúdenta Háskólans, enda áttu stúdentar Viðskiptaháskólans allverulegan þátt í að flytja þetta mál til sigurs. [...] Háskólinn væntir þess, að kennsla í þessum fræðum verði til þess, að margir gagnmenntaðir menn bætist í hóp forystumanna í verslun og viðskiptum, en undir meðferð þeirra mála er að miklu leyti komin efnaleg afkoma hvernar þjóðar. Samningamenn við erlendar þjóðir í verslun, í viðskiptum, í utanríkismálum verða að standa jafnfætis að þekkingu þeim mönnum, er þeir eiga að semja við, og, – ef vel á að vera að vera, öllu framar. Úrslit samninga jafnréttihárra aðila eru ætíð að verulegu leyti komin undir þekkingu samningsaðila, og þekkingin ber að lokum sigur úr bítum. Ég er þess fullviss, að með stofnun þessarar deildar er stigið stórt spor í verslunarsögu Íslendinga, er mun verða landsmönnum að ómetanlegu gagni, er stundir líða.“ (Tilvitnun lýkur).

Námið var að vonum smátt í sniðum í byrjun, enda var heildarfjöldi nemenda Háskóla Íslands rétt liðlega 300 árið 1941. Engu að síður var viðskiptafræðin vinsæl grein frá upphafi og að meðtöldum nemendum fyrrum Viðskiptaháskólans voru 46 nemendur eða tæpur sjötti hluti heildarnemendafjölda Háskóla Íslands skráðir til náms í viðskiptafræði veturinn 1941-1942. Aðeins einn fastur kennari starfaði við deildina í byrjun, en það var Gylfi Þ. Gíslason, sem síðar

átti eftir að verða ráðherra menntamála, iðnaðarmála og viðskiptamála. Gylfi var brautryðjandi á sínu sviði og var hann lengi vel eini kennarinn í viðskiptagreinum, lagði grunn að skipulagi námsins og samdi sjálfur drjúgan hluta kennsluefnisins.

Fræið sem þarna var sáð átti sannarlega eftir að bera ríkulegan ávöxt og hefur nám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands vaxið og dafnað allar götur síðan og raunar hefur viðskiptafræði verið ein fjölmennasta grein skólans um árabil og er heildarfjöldi nemenda nú ríflega 1.300.

Timamót urðu í sögu viðskiptafræði við Háskóla Íslands árið 1997 þegar boðið var nám til MS-gráðu í greininni í fyrsta skipti. Námið hefur þroskast og eflst á umliðnum tveimur áratugum og býður Viðskiptafræðideild nú upp á 12 sérsvið. Samtals hafa yfir 1.520 kandídatar brautskráðst úr meistaranáminu, ýmist með MS- eða MAcc-gráðu. Eru þá ótaldir þeir 460 nemendur sem lokið hafa MBA-gráðu frá Viðskiptafræðideild, en fyrstu MBA-nemarnir útskrifuðust þaðan fyrir 15 árum. Heildarfjöldi brautskráðra meistaranema frá Viðskiptafræðideild á þessum 20 árum er því nálægt 2.000. Áhrif útskrifaðra kandiðata í viðskiptafræði á íslenskt samfélag og atvinnulíf hafa verið mikil og hafa væntingar Alexanders Jóhannessonar rektors að því leyti ræst. Fjölmargir fyrrverandi nemendur eru nú í ábyrgðarstöðum í íslensku atvinnulífi og hjá hinu opinbera og gegna lykilhlutverki í samfélaginu.

Góðir gestir, eins og ég nefndi í upphafi erum við ekki aðeins komin saman hér í dag til að fagna 20 ára afmæli meistaranáms í viðskiptafræði við Háskóla Íslands, heldur einnig til að úthluta styrkjum úr Ingjaldssjóði. Eins og kunnugt er var Ingjaldssjóður stofnaður til minningar um Ingjald Hannibalsson prófessor, sem gegndi starfi forseta Viðskiptafræðideildar til margra ára, en hann lést óvænt og langt fyrir aldur fram í október árið 2014. Það segir meira en mörg orð um þann hug sem Ingjaldur bar til Háskóla Íslands að hann eftirlét skólanum allar jarðneskar eigur sínar og mælti svo fyrir í erfðaskrá að fyrir andvirði þeirra yrði stofnaður styrktarsjóður, sem síðar fékk nafnið Ingjaldssjóður, og hefur það hlutverk að styrkja nemendur til framhaldsnáms á sviðum sem voru Ingjaldi sérstaklega hugleikin, þ.e. í rekstrarstjórnun, alþjóðlegum viðskiptum eða í tónlist. Er nú úthlutað í annað sinn úr Ingjaldssjóði.

Góðir gestir. Ég hef þessi orð ekki fleiri og óska okkur öllum til hamingju með daginn.

Kærar þakkir.

